

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Ár 2019, miðvikudaginn 27. mars, var haldinn 18. fundur umhverfis- og heilbrigðisráðs Reykjavíkur og hófst hann kl. 10:05. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12-14, 7. hæð, Hofi. Viðstödd voru: Líf Magneudóttir, Kristín Soffía Jónsdóttir, Sabine Leskopf, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir, Egill Þór Jónsson, Marta Guðjónsdóttir og Baldur Borgþórsson og fulltrúi atvinnulífsins Ólafur Jónsson. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Árný Sigurðardóttir, Rósa Magnúsdóttir, Óskar Ísfeld Sigurðsson, Guðmundur Benedikt Friðriksson, Sigurjóna Guðnadóttir og Marta Grettisdóttir.

Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir

Þetta gerðist:

I. Mál umhverfis- og heilbrigðisráðs

1. Umhverfis- og heilbrigðisráð 2018 - 2022, fundadagatal 2019 Mál nr. US190017

Lagt fram fundadagatal umhverfis- og heilbrigðisráðs fyrir árið 2019, dags. 20. mars 2019.
Frestað.

II. Mál heilbrigðisnefndar

2. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 5. febrúar 2019, um tillögu að nýju deiliskipulagi á Hólmsheiði, athafnasvæði og umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 11. mars 2019.

Svava Svanborg Steinarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 15. febrúar 2019, vegna beiðni um umsögn um matskyldu hvað varðar skíðasvæðið í Bláfjöllum og skýrsla; Bláfjöll - skíðasvæði í Kópavogi, fyrirspurn um matskyldu, umsagnir og athugasemdir, dags. 3. desember 2018, uppfærð 12. febrúar 2019. Óskað var eftir umsögn um framkvæmdina að nýju vegna viðbótargagna. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 7. mars 2019 og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 7. mars 2019.

4. Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 27. febrúar 2019, vegna beiðni um umsögn um matskyldu vegna breikkunar Vesturlandsvegur um Kjalarnes og greinargerð dags. sama dag. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 7. mars 2019 og umsögn umhverfis- og skipulagssviðs dags. 11. mars 2019.

Svava Svanborg Steinarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Lagður fram tölvupóstur umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 27. febrúar 2019, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um meðferð elds og varnir gegn gróðureldum (stjórnvaldssektir o.fl.), mál nr. 542. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur dags. 6. mars 2019.

Svava Svanborg Steinarsdóttir verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Lagt fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, mál nr. 50. Einnig er lögð fram umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, dags. 6. mars 2019.
7. Lögð fram 127. fundargerð framkvæmdarstjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu.
8. Lagður fram listi, dags. 27. mars 2019, yfir samþykkt tóbaks- og starfsleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.
9. Lagður fram listi, dags. 27. mars 2019, yfir samþykkt hundaleyfi hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur.

III. Önnur mál

10. SORPA bs., Fundargerðir Mál nr. US130002
Lögð fram fundargerð SORPU bs. nr. 405, dags. 1. mars 2019, ásamt fylgiskjölum.
11. Umhverfis- og skipulagssvið, yfirlit ferðakostnaðar Mál nr. US190071
Lagt er fram yfirlit ferðakostnaðar á umhverfis- og skipulagssviði frá október til desember 2018.
12. Selir, kynning Mál nr. US190074
Kynnt staða sela við Ísland. Einnig er lögð er fram skýrsla Haf- og vatnarannsókna, dags. mars 2017, ásamt fjölríti Náttúrufræðistofnunar þar sem fjallað er um selalátur við strendur Íslands dags. apríl 2018.
Snorri Sigurðsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
13. Hönnunarviðmið um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík, framlagning Mál nr. US180413
Lögð fram drög að tillögu umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða, dags. mars 2019, "Hönnunarviðmið um úrgangslausnir við íbúðarhúsnæði í Reykjavík".
Frestað.
Bergþóra Kristinsdóttir frá Eflu tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
14. Samsetning úrgangs sem urðaður er í Álfsnesi, kynning Mál nr. US190098
Lögð fram skýrsla ReSource dags. nóvember 2018 vegna rannsókna á samsetningu baggaðs útgangs.
Bjarni Hjarðar frá Sorpu tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
- Kl. 12:14 vikur Egill Þór Jónsson af fundi.
15. Tímalína byggingar Gas- og jarðgerðarstöðvar, kynning Mál nr. US140012

Tímalína byggingar gas- og jarðgerðarstöðvar í Álfsnesi dags í mars 2019.
Kynningu frestað.

16. Viðburðardagskrá Grasagarðsins Mál nr. US160145

Viðburðardagskrá Grasagarðsins, afnot af garðinum og móttaka og fræðsla í garðinum 2019.
Kynningu frestað.

17. Stefnumótun Grasagarðsins Mál nr. US190100

Til umræðu.
Frestað.

18. Úlfarsárdalur, endurheimt votlendis- líffræðilegur fjölbreytileiki Mál nr. US190094

Lagt fram bréf borgarráðs, dags. 7. mars 2019, þar sem kynnt er samþykkt borgarráðs til að bjóða megi út framkvæmdir við endurheimt votlendis og mótun lands í Úlfarsárdal. Jafnframt samþykkti borgarráð að vísa erindinu til kynningar í skipulags- og samgönguráði.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsdóttir bókar:

Stefna meirihlutans er að viðhalda og hreyfa ekki við mýrum og öðru votlendi. Það er jákvætt skref að endurheimta eigi votlendi í Úlfarsárdal en það verður að teljast mikill tvískinningur hjá meirihlutanum að verið sé að verja miklum fjármunum í endurheimtingu votlendis á sama tíma og Reykjavíkurborg stendur fyrir mikilli röskun í Vatnsmýrinni með verulegum áhrifum á lífríki og verndun votlendissvæða þar. Nú þegar hafa komið fram neikvæð staðbundin áhrif á vatnsbúskapinn í Vatnsmýrinni sem eiga eftir að að verða enn meiri með því mikla byggingarmagni sem fyrirhugað er á flugvallarsvæðinu.

Fulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bókar:

Stefna meirihluta Vg-S-C-P í Reykjavík er að viðhalda og hreyfa ekki við mýrum og öðru votlendi. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að endurheimt votlendis auki kolefnisbindingu. Hér er lagt til að leggja fram 150 milljónir í endurheimt votlendis á þessu svæði. Borgarfulltrúi Miðflokksins fagnar því að hreinsa eigi svæðið af rusli og að girðingar verði fjarlægðar. Það eru sannarlega góð umhverfismál. Talið er að einhver losun hljótist af uppmokstri á mýrarsvæðum og bent er á að Reykjavíkurborg stendur fyrir mikilli röskun í Vatnsmýrinni með ómældum áhrifum á lífríki og verndun votlendissvæða. Nú þegar eru komin fram staðbundin áhrif á Hlíðarendarsvæðinu. Reykjavíkurborg ætti að líta sér nær þegar kemur að þessum málum og stöðva nú þegar röskun Vatnsmýrarinnar. Fyrir liggur að auki, hvað varðar Úlfarsárdalsreitinn, að aðallega er um að ræða gömul tún sem staðfest er að engin kolefnislosun getur stafað af. Því verður að líta svo á að hér sé um að ræða ímyndargjörning. Ímyndargjörning sem kostar borgarbúa tugi milljóna. Á sama tíma þarf að senda börn úr skóla borgarinnar í nám í öðrum sveitafélögum vegna skorts á viðhaldi skólabygginga. Meirihluti Vg-S-C-P virðist ekki skilja hvað orðið forgangsroðun þýðir. Því fer sem fer og íbúar borgarinnar gjalda fyrir.

Fulltrúi Vinstri grænna, Líf Magneudóttir, fulltrúar Samfylkingar Kristín Soffía Jónsdóttir og Sabine Leskopf og fulltrúi Pírata Sigurborg Ósk Haraldsdóttir bóka:

Fulltrúar Samfylkingar, Pírata og Vinstri grænna í umhverfis- og heilbrigðisráði þakka góða kynningu á framkvæmdum vegna endurheimt votlendis í Úlfarsárdal. Það er mikilvæg aðgerð til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Rétt er að áréttu skýran vilja borgaryfirvalda að viðhalda góðum vatnsbúskap í Vatnsmýrinni. Á síðustu árum hefur verið ráðist í framkvæmdir til að tryggja og viðhalda griðlandi fugla í Vatnsmýrinni. Í deiliskipulagi Hlíðarendasvæðisins er gert ráð fyrir vöktun vatnsstrauma á svæðinu. Með vöktuninni má bregðast við hugsanlega neikvæðum áhrifum á vatnafar með skjótum hætti. Áður en framkvæmdir hófust lágu fyrir rannsóknir á jarðvegi og grunnvatnsstöðu. Leiðarljós deiliskipulagsvinnunnar er metnaðarfullt markmið aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 um samfelld votlendi og útivistarsvæði sem tengist Reykjavíkurtjörn og styrkir aðrennsli Tjarnarinnar. Reykjavík er leiðandi sveitarfélag í vatnafarsrannsóknum, blágrænum ofnavatnslausnum og metnaðarfullum áætlunum um endurheimt votlendis.

- Kl. 12:58 víkja Líf Magneudóttir og Sigurborg Ósk Haraldsdóttir af fundi.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsóttir og fulltrúi Miðflokksins Baldur Borgþórsson bóka:

Í ljósi þess að meirihlutinn lítur svo á að Reykjavík sé leiðandi sveitarfélag í vatnafarsrannsóknum, blágrænum ofnavatnslausnum og metnaðarfullum áætlunum um endurheimt votlendis verður að teljast undarlegt að þegar fram koma staðbundin neikvæð áhrif á vatnsbúskapinn í Vatnsmýrinni að þær staðreyndir skuli ekki vera teknar alvarlega og frekari byggingaráform á flugvallarsvæðinu endurskoðuð.

Snorri Sigurðsson verkefnastjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

19. Tillaga frá fulltrúa Samtaka atvinnulífsins, Tillaga Mál nr. US190103

Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Samtaka atvinnulífsins:

Lagt er til að birting eftirlitsskýrslna HER á grundvelli laga nr. 7/1998 verði stöðvuð þar til Umhverfisstofnun hefur samræmt skýrslugjöf og birtingu á landsvísu. Jafnframt er lagt til að hætt verði frammistöðuflokkun fyrirtækja á grundvelli mengunarvarnar og hollustuháttaeftirlits, þar sem ekki er lagaheimild fyrir slíkri flokkun. Lagt er til að birting HER á eftirlitsskýrslum og frammistöðu fyrirtækja úr matvælaeftirliti verði hætt, þar sem hún hefur ekki lagastöð. Heimild til að birta umræddar upplýsingar tekur ekki gildi fyrir en 1. janúar 2021.

Frestað.

20. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, umhverfissráð verði sameinað skipulags- og samgönguráði Mál nr. US190104

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Marta Guðjónsóttir og Egill Þór Jónsson leggja fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að umhverfissráð verði sameinað að nýju skipulags- og samgönguráði enda er ætlunin að fækka fundum umhverfissráðs niður í einn fund á mánuði og á sama tíma verður fundum skipulags- og samgönguráðs fækkað úr fjórum fundum í þrjá á mánuði. Sömu mál eru ennfremur oft lögð fyrir bæði ráðin og því um tvíverknað að ræða. Með hliðsjón af þessum

staðreyndum er ljóst að ekki var þörf á að stofna nýtt umhverfisráð með miklum tilkostnaði í upphafi kjörtímabilsins. Umhverfismálin koma mikið inn á skipulagsmálin og því eðlilegt og faglegra að þau mál séu unnin samhliða undir sama ráði.

Frestað.

21. Fyrirspurn frá fulltrúum Sjálfstæðisflokks og Miðflokks, fyrirspurn Mál nr. US190105

Lagðar fram svohljóðandi fyrirspurnir frá fulltrúum Sjálfstæðisflokksins, Mörtu Guðjónsdóttur og Agli Þór Jónssyni og fulltrúa Miðflokksins Baldri Bergþórssyni:

Fyrirspurnir um leik- og grunnskólahúsnæði, húsnæði frístundamiðstöðva og húsnæði frístundaheimila borgarinnar:

Óskað er eftir stöðuskýrslu á næsta fundi ráðsins um ástand á því skólahúsnæði og húsnæðis frístundamiðsvöðva þar sem mygla hefur fundist eða grunur leikur á að um myglu sé að ræða.

Óskað er eftir kynningu á næsta fundi ráðsins á ástandi húsnæðis frístundaheimilanna í borginni.

Óskað er eftir kynningu á næsta fundi ráðsins á ástandi leikskólahúsnæðis borgarinnar.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 13:11

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Kristín Soffía Jónsdóttir
Marta Guðjónsdóttir
Ólafur Jónsson

Sabine Leskopf
Baldur Borgþórsson